



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Málefni dagdvalarinnar Þorrasels

Forsaga

Á fundi borgarráðs 7. janúar 2025 var fjallað um erindi heilbrigðisráðuneytisins vegna beiðni um flutning á dagdvölinni Þorraseli, Vesturgötu 7, vegna stækkunar Heilsugæslustöðvar Miðbæjar. Borgarráð samþykkti að erindinu yrði vísað til velferðarsviðs til meðferðar. Huga þyrfti fyrst að húsnæði fyrir staðsetningu dagvalar Þorrasels áður en mál heilsugæslustöðvarinnar yrðu skoðuð nánar. Þann 21. janúar 2025 óskaði velferðarsvið eftir formlegum tillögum ráðuneytisins að nýju húsnæði fyrir dagdvölinna. Þann 29. janúar upplýsti heilbrigðisráðuneytið að sú staðsetning sem ráðuneytið hefði í huga væri á hjúkrunarheimilinu Grund. Þar myndu geta hafist framkvæmdir á húsnæði sem rúmað gæti dagdvölinna, sem yrði fyrir 35 einstaklinga í einu en með sveigjanleika í dvalartíma væri gert ráð fyrir að þjónustan næði til jafn margra og hún gerir í dag, en í Þorraseli er heimild er fyrir 50 dagdvalarrýmum á dag. Auk þess hefur félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hugmyndir til þróunar þjónustunnar sem næði einnig til laugardaga. Grund myndi reka þjónustuna og flutningurinn gæti orðið í haust. Lítur ráðuneytið svo á að ávinningur miðbæjarbúa fyrir utan dagdvöl í nýuppgerðu húsnæði, sé stærri heilsugæsla með aukna þjónustumöguleika, þ.m.t. fyrir aldraða.

Vesturgata 7 er þriggja hæða íbúðablokk fyrir eldri borgara. Á neðstu hæðinni, sem er í eigu Reykjavíkurborgar og er um 1447 fermetrar að stærð er Heilsugæsla Miðbæjar staðsett í rúmlega 500 fermetra húsnæði. Samkvæmt viðmiðum heilbrigðisráðuneytisins ætti húsnæði stöðvarinnar að vera 1350 fermetrar. Á sömu hæð er Þorrasel í um 930 fermetra húsnæði. Eftir árangurslausar tilraunir Ríkiseigna að finna annað og stærra húsnæði undir heilsugæsluna telur heilbrigðisráðuneytið farsælast að starfsemi heilsugæslunnar verði stækkuð á núverandi stað og vill tryggja dagdvölinni annað húsnæði í nágrenninu, ásamt rekstraraðila.

Málefni dagdvala í Reykjavík

Í Reykjavík eru í dag reknar fjórar almennar dagdvalir og sjö sérhæfðar dagdvalir fyrir fólk með heilabilun. Rekstur þeirra er í höndum samtaka, sjálfseignarstofnana að undanskilinni nýopnaðri almennri dagdvöl á vegum einkarekinnar heilsugæslustöðvar og tveggja dagdvala sem reknar eru af Reykjavíkurborg, þ.e. fyrir heilabilaða einstaklinga á Vitatorgi og almenn dagdvöl í Þorraseli.

Almennar dagdvalir eru stuðningsúrræði fyrir aldraða sem að staðaldri þurfa eftirlit, umsjá og stuðning til að geta búið heima. Notendur sækja þjónustuna daglega eða tiltekna daga í viku hverri. Meðalaldur notenda í Þorraseli árið 2024 var 84 ár. Sjúkratryggingar Íslands greiða daggjöld sem er ætlað að mæta rekstri dagdvalarinnar. Reykjavíkurborg hefur ætíð lagt til



húsnæði undir dagdvölinu og nam sá kostnaður um 27 m.kr. árið 2024. Notendur greiða ákveðið gjald fyrir hvern dvalardag og er flutningskostnaður til og frá heimili innifalinn í gjaldinu.

Málefni dagdvala eru alfarið á höndum ríkisins og heilbrigðisráðuneytið mun með flutningi Þorrasels á Grund tryggt áframhaldandi rekstur á almennri dagdvöl í miðbæ borgarinnar sem gagnast eldra fólki á því svæði. Á sama tíma verður boðið upp á betri aðstöðu á heilsugæslunni fyrir alla borgarbúa. Þar sem notendur dagdvalarinnar eru sótt á heimili sínu og keyrð heim aftur mun flutningur Þorrasels ekki hafa í för með sér aðrar breytingar fyrir þau en staðsetningu húsnæðisins. Laugardagsopnun sem fyrirhuguð er á Grund mun einnig bæta þjónustutilboðið. Ákveðin hagræðing mun jafnframt eiga sér stað þar sem rekstur og húsnæðiskostnaður mun ekki lengur hvíla á borginni. Það er því mat velferðarsviðs að verða eigi við beiðni heilbrigðisráðuneytisins um að flytja dagdvölinu til Grundar, sem jafnframt tekur yfir rekstur hennar og ganga eigi til samninga við ráðuneytið þess efnis.